

17. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði fimmtudaginn 19. febrúar 2015 og hófst kl 17:00

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Dagrún Þórisdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti leggur til að bæta við einum dagskrárlið sem verður nr. 3 og nefnist **Fundargerð landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar dags. 17. febrúar 2015** og færast aðrir fundarliðir aftar sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilisins Nausts dags. 4. febrúar 2015

Lögð fram til kynningar

Sveitarstjóri fór í stuttu máli yfir fund stjórnar Nausts.

2. Fundargerð Íþrótt- og tómstundanefndar Langanesbyggðar dags. 4. febrúar 2015

Lögð fram til kynningar

Íþrótt- og tómstundanefnd fjallar í fundargerðinni um íþróttastarf eldri borgara og stefnumótun í þeim efnum. Síðar á fundinum verður fjallað um stofnun Velferðarnefndar og mun málefni aldrea verða eitt af verkefnum hennar.

Sveitarstjórn fagnar hugmynd Íþrótt- og tómstundanefndar um ráðningu þjálfara fyrir eldri borgara en telur rétt að gefa fyrirhugaðri velferðarnefnd tækifæri á að koma að ákvörðuninni. Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar dags. 17. febrúar 2015.

Liður 1. Landbúnaðarnefnd mælir með því að sveitarstjórn leiti til Sigurðar Þórs Guðmundssonar í Holti um stöðu fjallskilastjóra í Langanesbyggð. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við Sigurð Þór. Samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð 824. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30. janúar 2015

Lögð fram til kynningar

5. Hafnarsambands Íslands, ársreikningur 2014

Lagður fram til kynningar

6. Erindi frá framkvæmdarstjóra hjúkrunar á Nausti dags 31. janúar 2015

Lagt fram til kynningar.

Kristínu Thorberg, framkvæmdarstjóra hjúkrunar á Nausti er þakkað fyrir erindið. Þar bendir hún á kröfulýsingu í Öldrunarþjónustu sem fjallar um þær kröfur sem ríkið gerir til sveitarfélaga sem reka Dvalar- og hjúkrunarheimili á Íslandi. Sveitarstjórnarmenn fengu afhenta þessa kröfulýsingu.

7. Afsögn varamanns úr Atvinnu- menningar og ferðamálanefnd.

Kristín Heimisdóttir hefur óskað eftir því að hætta sem varamaður í Atvinnu-, menningar- og ferðamálanefnd. Varamaður í hennar stað verður tilnefndur síðar.

8. Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda (NKG) - Ósk um framlag í formi hvatningar og styrks dags. 11. febrúar 2015

Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og tekur undir mikilvægi nýsköpunar í skólastarfi. Nýlega fékk Grunnskólinn á Bakkafirði viðurkenningu fyrir nýsköpun í skólastarfi og hvetur sveitarstjórn skólastjórnendur til að vinna áfram að slíku starfi innan skóla Langanesbyggðar. Ákveðið að bíða með afgreiðslu erindisins þar til fræðslunefnd hefur fjallað um það. Samþykkt samhljóða.

9. Erindi frá nemendum í 3 og 4 bekk grunnskólans á Þórshöfn dags. 27. janúar 2015

Erindið fjallar um að það vanti fjölbreyttari leiktæki á skólalóð Grunnskólans á Þórshöfn. Sveitarstjórn fagnar þessu erindi og þakkar nemendum í 3 og 4 bekk fyrir það. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu og vinna málið áfram. Samþykkt samhljóða.

10. Áskorun á sveitarstjórn Langanesbyggðar vegna skipunar í stöðu fjallskilastjóra í Langanesbyggð.

Lagt fram til kynningar.

Landbúnaðarnefnd hefur nú þegar fjallað um stöðu fjallskilastjóra í Langanesbyggð og vísast í bókun við dagskrárlið nr 3.

11. Nýjar fastanefndir í Langanesbyggð

Fyrir liggja drög að samþykktum tveggja nýrra nefnda, Menningarmála- og bókasafnsnefnd og Velferðarnefnd. Drögin eru unnin af vinnuhópi um nýjar fastanefndir í Langanesbyggð. Tillögurnar ræddar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að láta yfirlesa samþykktirnar og síðan verði þær lagðar fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Í framhaldi af því verða samþykktir Langanesbyggðar endurskoðaðar og aðlagðar að nýjum nefndum.

12. Nýbygging leikskóla á Þórshöfn

U-listinn óskar eftir því að þessum lið verði frestað. Samþykkt samhljóða.

13. Fundagerðir byggingarnefndar skólamiðstöðvar á Þórshöfn

U-listinn óskar eftir því að fundagerðir byggingarnefndar skólamiðstöðvar Þórshafnar verði gerðar sýnilegar á heimasíðu Langanesbyggðar. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram. Samþykkt samhljóða.

14. Skýrsla sveitarstjóra

Þýskalandsferð. Sveitarstjóri og Siggeir fóru ásamt Hafsteini frá Eflu og Ólafi Áka sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps til Þýskalands að funda með Bremenports í Bremenhaven. Nánari skýrsla um ferðina verður kynnt um leið og hún er klár.

Skólaþjónustan. Sveitarstjóri fundaði með skólastjórnendum í grunn- og leikskólum Langanesbyggðar um þjónustu skólaþjónustunnar. Í framhaldi af því fundaði hann með forsvarsmönnum skólaþjónustunnar á Húsavík. Þar kom hann á framfæri ábendingum varðandi þjónustuna. Góðar umræður sköpuðust um hana.

Sérfræðingur um varmadælur kom í heimsókn til Langanesbyggðar. Hann fór í byggingar í Langanesbyggð og skoðaði aðstæður með það í huga hvað mætti gera varðandi sparnað í orkumálum fyrir sveitarfélagið.

Slökkvilið Langanesbyggðar. 112 dagurinn var í síðustu viku og þá var opið hús hjá slökkviliði Langanesbyggðar. Þar gafst íbúum tækifæri á að koma og skoða aðstöðu slökkviliðsins, þær breytingar sem gerðar voru á húsnæðinu og skoða nýja slökkvibílinn. Þá voru einnig sjúkraflutningamenn og lögreglan á staðnum.

Sauðanesnefnd. Fundur í Sauðanesnefnd í vikunni. Þar var framtíðarfyrirkomulag um rekstur Sauðanesnefndar rætt.

Skólaakstur. Minnisblað fór með í fundargögnum lagt fram til kynningar. Elías fór yfir gögnin.

15. Trúnaðarfundur – nýbygging leikskóla

Fundi lokað og fundargerð færð í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert á fundinum

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 19:01